



Reykjavík 27.04.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 26. apríl 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Elliðaárdalur-hjólástígur

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. janúar 2017, vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í að reiðstígur er aflagður milli Sprengisands og stíflu í Elliðaárdal og nýr hjólástígur kemur í stað reiðstígsins. Kynning stóð til og með 17. febrúar 2017. Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir/athugasemdir: Skipulagsstofnun, dags. 8. febrúar 2017, samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. febrúar 2017 og 12. apríl 2017 og Hestamannafélagið Fákur, dags. 24. febrúar 2017. Einnig er lögð fram drög að nýrri verklýsingu sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, dags. í mars 2017. Jafnframt er lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í apríl 2017, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna nýs hjólástíg í Elliðaárdal.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: innsendar athugasemdir, drög að nýrri verklýsingu dags. í mars 2017 og drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í apríl 2017, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna nýs hjólástíg í Elliðaárdal.



Reykjavík 23. febr. 2017

Skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Vegna: Breytingur á reiðstíg í hjólastíg í Elliðaárdal, frá undirgöngunum við Sprengisand upp að Stíflu.

Stjórn Hestamannafélagsins Fáks mótmælir þeirri ákvörðun að leggja niður reiðstíginn frá gömlu hesthúsunum í Neðri-Fáki og upp að Stíflu (áningargerði við Stífluna). Þar sem um elstu reiðleið innan Borgarinnar er að ræða hefur hún sögulegt gildi og er töluvert notuð á ákveðnum tímum árs. Til málamyndunar þá leggjum við til að reiðstígnum frá áningargerðinu við Stífluna og niður að hitaveituskúrum Orkuveitunar (sjá meðfylgjandi mynd) verði látinn halda sér svo hægt verði að ríða þangað sem er töluvert gert til að njóta náttúrufegurðar Elliðarárdalsins og fallegrar reiðleiðar. Bæði reiðskólarnir sem eru starfræktir á svæðinu sem og almennir hestamenn nota töluvert þessa reiðleið. Ef hjólastígur fer um sömu undirgöng þarf að aðskilja þá umferð með skilrúmi eins og gert er í undirgöngunum undir Breiðholtsbraut við Víðidalinn.


f.h. Hestamannafélagsins Fáks,

Jón Finnur Hansson,
framkvæmdarstjóri



Skipulagsstofnun

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Ann Andreassen
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

		Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi
Mótt. 13. FEB. 2017		sign
Skjalnfr.		Ábfr.

Reykjavík, 8. febrúar 2017

Tilvísun: 201701138 / 3.2

Efni: Lýsing - Elliðaárdalur-hjólastígur

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, dags. 30. janúar 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. janúar 2017, vegna breytingar (nr. 16) á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt í borgarráði 26. janúar 2017. Fyrirhugað er að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals samhliða.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að leggja niður reiðstíg milli Sprengisands og stíflu í Elliðaárdal og kemur nýr hjólastígur í legu reiðstígsins sunnan áa milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka. Fram kemur að þar sem bratti er of mikill muni hjólastígur víkja frá legu reiðstígs, sem sé væntanlega á tveimur 150 m köflum. Breyting er gerð annars vegar á þéttbýlisuppdrætti þar sem fellt er út tákni fyrir reiðstíg en í staðin verður leiðin skilgreind sem stofnstígur. Hins vegar verður breytt mynd 2 í kaflanum *Vistvænar samgöngur* á bls.143 í greinargerð aðalskipulagsins.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingu skipulagsverkefnisins.


Guðrún Halla Gunnarsdóttir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 16.02.2017
1702002 SB

Efni: Breyting á aðalskipulagi, Elliðaárdalur - hjólastígur

Á 74. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 10. febrúar 2017 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga lögð fram til umsagnar.

Skipulagsverkefnið felst í að breyta útfærslu hjólastígs í Elliðaárdal. Ætlunin er að nýta svæði sem nú þjónar sem reiðstígur. Reiðstígurinn þjónaði áður því hlutverki að tengja hesthúsabyggð við Sprengisand.

Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040 leggur fram stefnu um bæði stofnstíga hjóltreidda (markmið 2.3) og einnig reiðstíga (markmið 4.1). Hjólastígur í Elliðaárdal kemur fram á korti 3 og endurbætur á stígnum eru í góðu samræmi við þá stefnu. Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á að hesthúsahverfi séu tengd samfelldu reiðstíganeti milli sveitarfélaga. Það gengur því ekki á stefnu svæðisskipulagsins að Reykjavíkurborg felli út reiðstíg í Elliðaárdal.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytingu ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell A. Proppé
svæðisskipulagsstjóri

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Elliðaárdalur. Nýr hjólastígur

Reiðstígur aflagður milli Sprengisands og stíflu í Elliðaárdal

Nýr hjólastígur í legu reiðstígs

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (drög)

Lögð fram sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr. 16
Mars 2017

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Gildandi stefna aðalskipulags	4
3. Tilgangur breytinga á aðalskipulaginu	5
4. Tillaga að breytingum	6
5. Umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags	7
6. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	8
7. Afgreiðslu- og kynningarferli	8

1. Inngangur

Í samræmi við Hjólréiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 og markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) um uppbyggingu hjólastígakerfis er lagt til að byggður verði sérstakur hjólastígur í Elliðaárdal sem verði aðgreindur frá núverandi stofnstíg, sunnan áa, á kaflanum frá Reykjanesbraut að Höfðabakka.¹ Í ljósi þess að hesthúsabyggð hefur verið aflögð á Sprengisandi við Bústaðaveg, er lagt til að reiðstígur sem liggur um þennan hluta Elliðaárdals verði aflagður og stæði hans verði nýtt fyrir hinn nýja hjólastíg. Með því verður lágmarkað það mögulega rask á skóglendi sem gæti fylgt framkvæmdinni við hjólastígin, auk þess að tryggja aukið öryggi hjólandi og gangandi umferðar um dalinn.

Samkvæmt fyrri útgáfu hjólréiðaáætlunar (Hjólaborgin, 2010), var gert ráð fyrir að hjólastígur í Elliðaárdal á umræddum kafla, fylgdi í meginatriðum núverandi stofnstíg göngu- og hjólréiða. AR2010-2030 tók mið af þeirri legu, sbr. stefna um hjólastígakerfi (mynd 2, bls. 143, Vistvænar samgöngur) og framsetning þéttbýlisuppdráttar, sem sýnir einvörðungu núverandi stofnstíg og hinn eldri reiðstíg óbreyttan.

Vegna þessa er lagt til að gerð verði breyting á AR2010-2030, sem endurspeglir þessar breyttu forsendur og áform um byggingu aðgreinds hjólastígs í Elliðaárdal sunnanverðum, milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka. Áformuð aðalskiplagsbreyting verður kynnt samhliða samsvarandi breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals (1. mynd).




1. mynd. Lega reiðstígs samkvæmt gildandi deiliskipulagi og afmörkun væntanlegrar breytingar. Breytingin mun líklega ná til reiðstígs að stíflu, skammt austan Höfðabakka, Gert er ráð fyrir að hjólastígur fylgi reiðstígnum í meginatriðum en þar sem bratti er of mikill verður vikið frá legu reiðstígsins. Samkvæmt lauslegu mati mun hjólastígurinn víkja lítilllega frá legu reiðstígs á tveimur 150 m köflum.


¹ Sjá kaflann Vistvænar samgöngur. Hjólréiðar, bls. 142-145, adalskipulag.is; Sjá hjolaborgin.is; Sjá enndreum skýrslu starfshóps og tillögur hans, *Sjálfbær Elliðaárdalur-Stefna Reykjavíkur*, Lokaskýrsla starfshóps 27. apríl 2016.

2. Gildandi stefna aðalskipulags

Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að megin hjólaleið um Elliðárdal fylgi í meginatriðum núverandi stofnstíg fyrir gangandi og hjólandi.² Reiðstígur sem liggur sunnar í dalnum og að hinni aflögðu hesthúsabyggð á Sprengisandi við Bústaðaveg var látinn standa óhreyfður samkvæmt stefnu aðalskiplagsins, þó hann væri ekki lengur nauðsynleg tening fyrir hesthúsabyggð (sjá mynd 2 og mynd 3).




2. mynd. Þéttbýlisuppdráttur aðalskipulagsins (hluti uppdráttar). Gert er ráð fyrir að gangandi og hjólandi umferð fylgi í meginatriðum sömu leið, sbr. lega stofnstígs sunnan Elliðaáa.



3. mynd. Stefna um hjólastígakerfi (sjá mynd 2, bls. 143, Vistvænar samgöngur)

² Í framsetningu aðalskipulagsins er notað sama tákn fyrir meginleiðir gangandi og hjólandi, hvort sem um aðskilda stíga er að ræða eða ekki. Nýr stígur fyrir hjólreiðar eingöngu er þannig merktur sem stofnstígur á þéttbýlisuppdrætti en gerð er grein fyrir honum sérstaklega á mynd er lýsir stefnu um hjólastígakerfi í kaflanum Vistvænar samgöngur.



Mynd 4. Tillaga að framkvæmdum við hjólaleiðir á tímabilinu 2015-2020, samkvæmt hjólreiðaáætlun. Alls er stefnt að uppbyggingu á um 30 km af hjólaleiðum á tímabilinu.

3. Tilgangur breytinga á aðalskipulaginu

Markmið og tilgangur breytingar:


- Styðja við markmið aðalskipulags um eflingu hjólreiða sem samgöngumáta.
- Að framfylgja Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 um uppbyggingu hjólástígakerfis á næstu árum (sjá mynd 4)
- Tryggja öruggari og skilvirkari hjóla- og gönguleiðir
- Lágmarka risk við gerð hjólástígsins

4. Tillaga að breytingum


Eftirfarandi breyting er gerð í þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins:

Reiðstígur um Elliðaárdal, frá Sprengisandi við Bústaðaveg og austur að stíflu í Elliðaárdal er felldur niður.³ Í stað hans kemur táknið stofnstíg, sem mun gegna hlutverki megin hjólaleiðar.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



Í endanlegri útfærslu tillögu verður einnig gerð grein fyrir breyttri legu megin hjólastígs í Elliðaárdal á mynd 2 í kaflanum Vistvænar samgöngur (bls. 143), sbr. mynd 3 hér að framan

³ Sjá þó umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum í kafla 5.

5. Umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hins vegar er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. skipulagslaganna.

Drög að mati á umhverfisáhrifum breytingar er sett fram hér að neðan:

Styðja breytingar við megin markmið aðalskipulagsins?

Breytingartillagan styður klárlega við markmið aðalskipulagsins um eflingu hjólríða og almenn markmið samgöngustefnu um breyttar ferðavenjur. Breytingin er ennfremur í samræmi við samþykkt hjólríðaáætlun borgarinnar. Í aðalskipulaginu eru ekki sett fram skýr markmið um hestamennsku innan þéttbýlisins, en í aðalskipulaginu er skilgreint víðtækt kerfi reiðstíga auk hesthúsasvæðanna. Lokun reiðleiðar um Elliðaárdal, að aflögðu hesthúsabyggðinni, við Bústaðaveg, telst ekki veruleg breyting á reiðstígakerfi borgarinnar (sjá nánar lið hér að neðan)

Mun gerð hjólastígs hafa í för með sér röskun á skóglendi?

Gerð hjólastígsins mun hafa óverulega röskun á skóglendi og öðrum gróðri, þar sem hann fylgir í megin atriðum gömlu reiðleiðinni. Á tveimur 150 m leiðum þarf að víkja frá reiðleiðinni og það gæti haft í för með sér lítilsháttar ruðning á skógi. Nánar er gerð grein fyrir þeim umhverfisáhrifum í deiliskipulagstillögu.

Hver verða áhrif á útivistarleið hestamanna?

Verklýsing breytingar var send Hestamannafélaginu Fáki til umsagnar. Í umsögn þeirra kemur eftirfarandi fram [sic]: „*Stjórn Hestamannafélagsins Fáks mótmælir þeirri ákvörðun að leggja niður reiðstíginn frá gömlu hesthúsunum í Neðri-Fáki og upp að Stíflu (áningargerði við Stífluna). Þar sem um elstu reiðleið innan Borgarinnar er að ræða hefur hún sögulegt gildi og er töluvert notuð á ákveðnum tímum árs. Til málamyndunar þá leggjum við til að reiðstígunum frá áningargerðinu við Stífluna og niður að hitaveituskúrum Orkuveitunar...verði látinn halda sér svo hægt verði að ríða þangað sem er töluvert gert til að njóta náttúrufegurðar Elliðarárdalsins og fallegrar reiðleiðar. Bæði reiðskólarnir sem eru starfræktir á svæðinu sem og almennir hestamenn nota töluvert þessa reiðleið. Ef hjólastígur fer um sömu undirgöng þarf að aðskilja þá umferð með skilrúmi eins og gert er í undirgöngunum undir Breiðholtsbraut við Víðidalinn.*„

Í kjölfar athugasemdar hestamannafélagsins var fundað með fulltrúum þess. Til skoðunar er að reyna koma til móts við hugmyndir Hestamannafélagsins um að áfram liggi reiðstígur vestan undirganga um Elliðaárdalinn. Kannað verður hvort nýta mætti hluta gamla Vatnsveituvegarins til að búa til nýja reiðleið sem fer inn á fyrirhugað svæði norðan Stekkjarbakka þar sem deiliskipulagsvinna er í gangi núna. Þar væri mögulega hægt að gera gerði eða áningarstað. Einnig þarf að gera athugun á því hvernig göng undir Höfðabakka verða útfærð til að aðskilja hjóla- og hestaumferð. Niðurstöður þessara athugana og viðræðna við Hestamannafélagið þurfa að liggja fyrir áður en endanleg tillaga verður samþykkt í auglýsingu.

Gerð er nánari grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagsbreytingu og/eða við útgáfu framkvæmdaleyfis.

6. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Umrædd breyting varðar ekki stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins eða breytingu á henni. Nýr hjólastígur, sem nú verður aðgreindur frá megin gönguleiðinni í Elliðaárdal á umræddum kafla, liggur eilítið sunnar en núverandi stígur. Helstu göngu- og hjólaleiðir eru sýndar með skematískum hætti á kort 3, bls. 45 í svæðisskipulaginu (Höfuðborgarsvæðið 2040). Hin nýja hjólaleið fylgir þeirri leið í megin dráttum.

7. Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í borgarráði þann 26. janúar 2017. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum og send til eftirfarandi umsagnaraðila: Hverfisráð Árbæjar og Breiðholts, Hestamannafélagið Fákur, aðliggjandi sveitarfélög og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir liggja umsagnar Skipulagsstofnunar (dagsett 8. febrúar) og svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (dagsett 16. febrúar, þar sem ekki er gerð athugasemdar við verklýsingu. Í bréfi stjórnar Hestamannafélagsins Fáks, dagsett 23. febrúar sl, er niðurlagningu reiðstígsins mótmælt (sjá umfjöllun í kafla 5 að framan).

Drög að aðalskipulagsbreytingu verða kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga í mars 2016. Drögin verða meðal annars send nágrannasveitarfélögum og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, en nefndin er formlegur umsagnaraðili um tillöguna. Drögin verða ennfremur kynnt fyrir Hestamannafélaginu Fáki og Hverfisráðum Árbæjar og Breiðholts.

Drögin hafa verið gerð aðgengileg á vef borgarinnar og fyrirhugað er að halda opið hús, þar sem verkefnisstjóri verður til svara um tillöguna.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Elliðaárdalur. Nýr hjólastígur

Reiðstígur aflagður milli Sprengisands og stíflu í Elliðaárdal

Nýr hjólastígur í legu reiðstígs

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr. 16
Apríl 2017

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Gildandi stefna aðalskipulags	4
3. Tilgangur breytinga á aðalskipulaginu	5
4. Tillaga að breytingum	6
5. Umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags	7
6. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	8
7. Afgreiðslu- og kynningarferli	8

1. Inngangur

Í samræmi við Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 og markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) um uppbyggingu hjólastígakerfis er lagt til að byggður verði sérstakur hjólastígur í Elliðaárdal sem verði aðgreindur frá núverandi stofnstíg, sunnan áa, á kaflanum frá Reykjanesbraut að Höfðabakka.¹ Í ljósi þess að hesthúsabyggð hefur verið aflögð á Sprengisandi við Bústaðaveg, er lagt til að reiðstígur sem liggur um þennan hluta Elliðaárdals verði aflagður og stæði hans verði nýtt fyrir hinn nýja hjólastíg. Með því verður lágmarkað það mögulega rask á skóglendi sem gæti fylgt framkvæmdinni við hjólastígin, auk þess að tryggja aukið öryggi hjólandi og gangandi umferðar um dalinn.

Samkvæmt fyrri útgáfu hjólreiðaáætlunar (Hjólaborgin, 2010), var gert ráð fyrir að hjólastígur í Elliðaárdal á umræddum kafla, fylgdi í meginatriðum núverandi stofnstíg göngu- og hjólreiða. AR2010-2030 tók mið af þeirri legu, sbr. stefna um hjólastígakerfi (mynd 2, bls. 143, Vistvænar samgöngur) og framsetning þéttbýlisuppdráttar, sem sýnir einvörðungu núverandi stofnstíg og hinn eldri reiðstíg óbreyttan.

Vegna þessa er lagt til að gerð verði breyting á AR2010-2030, sem endurspegli þessar breyttu forsendur og áform um byggingu aðgreinds hjólastígs í Elliðaárdal sunnanverðum, milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka. Áformuð aðalskiplagsbreyting verður kynnt samhliða samsvarandi breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals (1. mynd).




1. mynd. Lega reiðstígs samkvæmt gildandi deiliskipulagi og afmörkun væntanlegrar breytingar. Breytingin mun líklega ná til reiðstígs að stíflu, skammt austan Höfðabakka, Gert er ráð fyrir að hjólastígur fylgi reiðstígnum í meginatriðum en þar sem bratti er of mikill verður vikið frá legu reiðstígsins. Samkvæmt lauslegu mati mun hjólastígurinn víkja lítilllega frá legu reiðstígs á tveimur 150 m köflum.


¹ Sjá kaflann Vistvænar samgöngur. Hjólreiðar, bls. 142-145, adalskipulag.is; Sjá hjolaborgin.is; Sjá enndreum skýrslu starfshóps og tillögur hans, *Sjálfbær Elliðaárdalur-Stefna Reykjavíkur*, Lokaskýrsla starfshóps 27. apríl 2016.

2. Gildandi stefna aðalskipulags

Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að megin hjólaleið um Elliðárdal fylgi í meginatriðum núverandi stofnstíg fyrir gangandi og hjólandi.² Reiðstígur sem liggur sunnar í dalnum og að hinni aflögðu hesthúsabyggð á Sprengisandi við Bústaðaveg var látinn standa óhreyfður samkvæmt stefnu aðalskiplagsins, þó hann væri ekki lengur nauðsynleg tenging fyrir hesthúsabyggð (sjá mynd 2 og mynd 3).




2. mynd. Þéttbýlisuppdráttur aðalskipulagsins (hluti uppdráttar). Gert er ráð fyrir að gangandi og hjólandi umferð fylgi í meginatriðum sömu leið, sbr. lega stofnstígs sunnan Elliðaáa.



3. mynd. Stefna um hjólastígakerfi (sjá mynd 2, bls. 143, Vistvænar samgöngur)

² Í framsetningu aðalskipulagsins er notað sama tákn fyrir meginleiðir gangandi og hjólandi, hvort sem um aðskilda stíga er að ræða eða ekki. Nýr stígur fyrir hjólreiðar eingöngu er þannig merktur sem stofnstígur á þéttbýlisuppdrætti en gerð er grein fyrir honum sérstaklega á mynd er lýsir stefnu um hjólastígakerfi í kaflanum Vistvænar samgöngur.



Mynd 4. Tillaga að framkvæmdum við hjólaleiðir á tímabilinu 2015-2020, samkvæmt hjólreiðaáætlun. Alls er stefnt að uppbyggingu á um 30 km af hjólaleiðum á tímabilinu.

3. Tilgangur breytinga á aðalskipulaginu

Markmið og tilgangur breytingar:


- Styðja við markmið aðalskipulags um eflingu hjólreiða sem samgöngumáta.
- Að framfylgja Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 um uppbyggingu hjólástígakerfis á næstu árum (sjá mynd 4)
- Tryggja öruggari og skilvirkari hjóla- og gönguleiðir
- Lágmarka rask við gerð hjólástígsins

4. Tillaga að breytingum


Eftirfarandi breyting er gerð í þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins:

Reiðstígur um Elliðaárdal, frá Sprengisandi við Bústaðaveg og austur að stíflu í Elliðaárdal er felldur niður.³ Í stað hans kemur táknið stofnstíg, sem mun gegna hlutverki megin hjólaleiðar.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



Í endanlegri útfærslu tillögu verður einnig gerð grein fyrir breyttri legu megin hjólastígs í Elliðaárdal á mynd 2 í kaflanum Vistvænar samgöngur (bls. 143), sbr. mynd 3 hér að framan

³ Sjá þó umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum í kafla 5.

5. Umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hins vegar er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. skipulagslaganna.

Mat á umhverfisáhrifum breytingar er sett fram hér að neðan:

Styðja breytingar við megin markmið aðalskipulagsins?

Breytingartillagan styður klárlega við markmið aðalskipulagsins um eflingu hjólríða og almenn markmið samgöngustefnu um breyttar ferðavenjur. Breytingin er ennfremur í samræmi við samþykkt hjólríðaáætlun borgarinnar. Í aðalskipulaginu eru ekki sett fram skýr markmið um hestamennsku innan þéttbýlisins, en í aðalskipulaginu er skilgreint víðtækt kerfi reiðstíga auk hesthúsasvæðanna. Lokun reiðleiðar um Elliðaárdal, að aflögðu hesthúsabyggðinni, við Bústaðaveg, telst ekki veruleg breyting á reiðstígakerfi borgarinnar (sjá nánar lið hér að neðan)

Mun gerð hjólastígs hafa í för með sér röskun á skóglendi?

Gerð hjólastígsins mun hafa óverulega röskun á skóglendi og öðrum gróðri, þar sem hann fylgir í megin atriðum gömlu reiðleiðinni. Á tveimur 150 m leiðum þarf að víkja frá reiðleiðinni og það gæti haft í för með sér lítilsháttar ruðning á skógi. Nánar er gerð grein fyrir þeim umhverfisáhrifum í deiliskipulagstillögu.

Hver verða áhrif á útivistarleið hestamanna?

Verklýsing breytingar var send Hestamannafélaginu Fáki til umsagnar. Í umsögn þeirra kemur eftirfarandi fram [sic]: „*Stjórn Hestamannafélagsins Fáks mótmælir þeirri ákvörðun að leggja niður reiðstíginn frá gömlu hesthúsunum í Neðri-Fáki og upp að Stíflu (áningargerði við Stífluna). Þar sem um elstu reiðleið innan Borgarinnar er að ræða hefur hún sögulegt gildi og er töluvert notuð á ákveðnum tímum árs. Til málamyndunar þá leggjum við til að reiðstígunum frá áningargerðinu við Stífluna og niður að hitaveituskúrum Orkuveitunar...verði látinn halda sér svo hægt verði að ríða þangað sem er töluvert gert til að njóta náttúrufegurðar Elliðarárdalsins og fallegrar reiðleiðar. Bæði reiðskólarnir sem eru starfræktir á svæðinu sem og almennir hestamenn nota töluvert þessa reiðleið. Ef hjólastígur fer um sömu undirgöng þarf að aðskilja þá umferð með skilrúmi eins og gert er í undirgöngunum undir Breiðholtsbraut við Víðidalinn.*„

Í kjölfar athugasemdar hestamannafélagsins var fundað með fulltrúum þess. Til skoðunar hefur verið að reyna koma til móts við hugmyndir Hestamannafélagsins um að áfram liggja reiðstígur vestan undirganga um Elliðaárdalinn. Kannað verður hvort nýta mætti hluta gamla Vatnsveituvegarins til að búa til nýja reiðleið sem fer inn á fyrirhugað svæði norðan Stekkjarbakka þar sem deiliskipulagsvinna er í gangi núna. Þar væri mögulega hægt að gera gerði eða áningarstað. Einnig þarf að gera athugun á því hvernig göng undir Höfðabakka verða útfærð til að aðskilja hjóla- og hestaumferð. Þegar niðurstöður þessara athugana og viðræðna við Hestamannafélagið liggja fyrir verður ráðist í mögulegar breytingar á deiliskipulagi Elliðarárdals og aðalskipulagi ef þörf er á.

Gerð er nánari grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagsbreytingu og/eða við útgáfu framkvæmdaleyfis.

6. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Umrædd breyting varðar ekki stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins eða breytingu á henni. Nýr hjólastígur, sem nú verður aðgreindur frá megin gönguleiðinni í Elliðaárdal á umræddum kafla, liggur eilítið sunnar en núverandi stígur. Helstu göngu- og hjólaleiðir eru sýndar með skematískum hætti á kort 3, bls. 45 í svæðisskipulaginu (Höfuðborgarsvæðið 2040). Hin nýja hjólaleið fylgir þeirri leið í megin dráttum.

7. Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í borgarráði þann 26. janúar 2017. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum og send til eftirfarandi umsagnaraðila: Hverfisráð Árbæjar og Breiðholts, Hestamannafélagið Fákur, aðliggjandi sveitarfélög og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir liggja umsagnar Skipulagsstofnunar (dagsett 8. febrúar) og svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (dagsett 16. febrúar), þar sem ekki er gerð athugasemdar við verklýsingu. Í bréfi stjórnar Hestamannafélagsins Fáks, dagsett 23. febrúar sl, er niðurlagningu reiðstígsins mótmælt (sjá umfjöllun í kafla 5 að framan).

Drög að aðalskipulagsbreytingu voru kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga í mars og apríl 2017. Drögin voru send til skilgreindra umsagnaraðila. Drög að tillögunni voru auglýst sérstaklega í fjölmiðli, gerð aðgengileg á vefnum og haldið var opið hús um breytingartillögurnar, þann 19. apríl. Drögin voru tekin fyrir á fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins þann 7. apríl 2017. Í bókun nefndarinnar eru ekki gerðar athugasemdir við tillöguna.